



Lokaverkefni til BA-prófs

Almenn málvísindi

Forsaga sterkrar þátíðar í germönsku

með sérstöku tilliti til 7. flokks sterkra sagna í íslensku

Guðmundur Karl Guðmundsson

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson
Maí 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn málvísindi

Forsaga sterkrar þátíðar í germönsku

með sérstöku tilliti til 7. flokks sterkra sagna í íslensku

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðmundur Karl Guðmundsson

Kt.: 101195-3689

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson

Maí 2020

Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í almennum málvísindum á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar er forsaga og þróun þátíðarmyndunar sterkra sagna eftir 7. flokki í íslensku. Þar sem þessi þátíð á rætur sínar að rekja til indóevrópska perfektsins, verður fyrst rætt um það, bæði form þess og merkingu, og síðan sýnt hvernig það birtist í nokkrum fornindóevrópskum málum. Það sem einkenndi perfekt í indóevrópsku var að það var myndað með tvöföldunarforskeyti og sérstökum beygingarendingum og hafði statífa merkingu (ástandsmerkingu). Þróun þessarar formdeildar var með sérstæðum hætti í germönsku. Þar sem germanska sagnkerfið gekk í gegnum meiriháttar breytingar, sem m.a. leiddu til þess að aórist og imperfekt hurfu úr málinu, fékk perfekt aukið vægi í þátíðarmynduninni. Hin upprunalega tvöföldun í myndun perfektsins varðveitist þó aðeins meðal sterkra sagna af sjöunda flokki. Til að fá sem skýrasta mynd af þróuninni í germönsku verða sterkar sagnir þessa flokks athugaðar í nokkrum forngermönskum málum, einkum gotnesku. Að lokum verður gerð grein fyrir umræddum sögnum í íslensku fornmáli og breytingum á beygingu þeirra í nútímamáli. Er hér um að ræða eitt fornlegasta atriði íslenskrar málfræði.



Lokaverkefni til BA-prófs

Almenn málvísindi

Forsaga sterkrar þátíðar í germönsku

með sérstöku tilliti til 7. flokks sterkra sagna í íslensku

Guðmundur Karl Guðmundsson

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson
Maí 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Almenn málvísindi

Forsaga sterkrar þátíðar í germönsku

með sérstöku tilliti til 7. flokks sterkra sagna í íslensku

Ritgerð til B.A.-prófs

Guðmundur Karl Guðmundsson

Kt.: 101195-3689

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson

Maí 2020

Efnisyfirlit

Ágrip	i
1. Inngangur	1
2. Kynning á sagnkerfi indóevrópsku	2
3. Perfekt í indóevrópsku: myndun og hlutverk	7
4. Afdrif perfekts í grísku, sanskrít og latínu	11
5. Breytingar á indóevrópska sagnkerfinu í germönsku	18
6. Sjöundi flokkur sterkra sagna í germönsku	22
7. Þróun þátíðar sterkra sagna eftir 7. flokki í forngermönskum málum	24
8. Sjöundi flokkur sterkra sagna í forníslensku	26
9. Breytingar á beyginu sterkra sagna eftir 7. flokki í íslensku	29
10. Niðurlag	31
Skammstafanir	33
Heimildaskrá	34

1. Inngangur

Veruleiki tungumálsins er síbreytilegur. Allir flokkar orða taka breytingum með einum eða öðrum hætti. Sum tungumál varðveita með betri hætti en önnur ýmis fornleg einkenni. Svo er einmitt raunin hvað indóevrópsk mál varðar. Indóevrópska málaættin inniheldur mikinn fjölda tungumála sem með fólksflutningum síðari alda hafa dreifst um víða veröld. Upprunalega einskorðaðist málaættin þó við eitt samfellt málsvæði sem teygði sig frá Evrópu í vestri til Indlandsskaga og vesturhéraða Kína í austri. Fornleg tungumál af umræddu ætterni á borð við grísku og sanskrít sýna ýmis beygingar- og orðmyndarfræðileg atriði sem endurspeglar vel hið upprunalega ástand í indóevrópsku. Beygingarkerfi nafnorða og sagnorða germanskra tungumála hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Hið flókna sagnkerfi indóevrópskunnar gekk í gegnum margþátta einföldunarferli í germönsku þar sem margar ie. beygingarformdeildir féllu saman. Í þessari ritgerð verður leitast við að gera grein fyrir forsögu og þróun þátíðarmyndunar í germönsku en þó verður sjónum sérstaklega beint að þátíð sterkra sagna eftir 7. flokki í íslensku, sem að á rætur sínar að rekja til indóevrópska perfektsins. Perfektið, eins og þessi formdeild verður framvegis kölluð í þessari ritgerð, einkenndist af tvöföldunarforskeyti og hafði statífa merkingu sem lifir áfram í núþálegum sögnum í germönsku. Eftir að ljósi hefur verið varpað á eðli perfektsins í indóevrópsku verður afkomendum þess lýst í þremur dótturmálum: grísku, sanskrít og latínu. Að því loknu verður skyggst inn í germanska málsögu en á eldra skeiði frumgermönsku gekk sagnkerfið í gegnum mikla einföldun þar sem sterkar og veikar þátíðarmyndir mótuðust. Meðal elstu ritheimilda germanskra máls er hin gotneska Biblíuþýðing Wulfila biskups frá 4. öld e. Kr., en hún sýnir á mjög skýran hátt hvernig sterkar sagnir eftir sjöunda flokki endurspeglar indóevrópska perfektið. Sjöundi flokkur sterkra sagna er sameiginlegur öllum germönskum tungumálum, þó svo að varðveisla og eðli sagna af þeim flokki sé mismunandi milli mála. Önnur germönsk mál verða könnuð í þessu samhengi en að lokum verður sjónum beint að þróun sterkra sagna eftir 7. flokki í norrænu og íslensku.

2. Kynning á sagnkerfi indóevrópsku

Flokkar orða sem tóku beygingu í indóevrópsku voru af ýmsum toga, svo sem sagnir, nafnorð, lýsingarorð og fornöfn. Allir flokkarnir fyrir utan sagnorð, beygðust samkvæmt einu kerfi „fallorða“ sem var talsvert einfaldara en beyging sagnorða (Ringe 2006: 22).

Endurgerð sagnkerfis indóevrópsku er eitt flóknasta verkefni sem málvísindamenn á sviði sögulegrar samanburðarmálfræði standa frammi fyrir. Vandkvæðin stafa af flóknu beygingarkerfinu en svo virðist sem mállýskumunur hafi verið meiri í sagnbeygingu en öðrum beygingarformdeildum frumindóevrópsku. Þess vegna eru fræðimenn ekki jafn sammála um einstök atriði sagnarinnar og þeir eru um nafnorð eða lýsingarorð (Mallory og Adams 2006: 62)

Sagnbeygingin í frumindóevrópsku hafði sex mismunandi formdeildir:

1. Persóna. Persónur eru þrjár: 1., 2. og 3. pers.

2. Tala. Tölur eru einnig þrjár: eintala, tvítala og fleirtala.

3. Mynd. Myndir eru þrjár: germynd, miðmynd og ástandsmynd (statíf).

Grunnmynd sagnar tilheyrir orðasafnslegum einkennum hennar, málfræðileg mynd hinsvegar breytir orðasafnslegri merkingu sagnar. Hafi sagnorð grunnmyndina germynd, birtist hún annaðhvort einungis í þeirri mynd eða tekur einnig beygingu í ástandsmynd eða miðmynd sem í kjölfarið breytir orðasafnslegri merkingu hennar. Hafi sagnorð aðra grunnmynd, s.s. ástandsmynd og miðmynd, þá er breytileikinn ekki lengur fyrir hendi, svo að sögnin kemur aðeins fyrir í þeirri mynd.

Grunnmyndin germynd eða miðmynd táknar annaðhvort: (a) verknað eða athöfn (agentíft hlutverk), (b) breytingu á ástandi (fientíft hlutverk) eða (c) tiltekið ástand (statíft hlutverk). Hafi sögn ástandsmynd sem grunnmynd, táknar sú ástandsmynd einungis ástand. Í ástandsmynd beygjast bæði perfektstofnar sem og stofnar ‘prímerra’ ástandssagna (rótarstatífa) (Jón Axel Harðarson 2015: 1).

Germynd táknar verknað, atburð eða ástand án einhverra annarra eiginleika.

Miðmynd er á hinn bóginn leidd af germynd og tjáir áhrif verknaðar á frumlag. Hlutverk miðmyndar út frá merkingarlegu sjónarmiði er margþætt: afturvirk merking kemur til skila hvort verknaður geranda a) bitni á honum sjálfum (direkt-reflexíf) (Kurzová 1993: 157) eða b) sé í hans þágu, en bitni ekki á honum sjálfum (indirekt-reflexíf) (Kurzová 1993: 163). Einnig hefur miðmynd c) svokallaða gagnvirka merkingu

(Jón Axel Harðarson, 2015: 1) og d) þolmyndarmerkingu (Kurzová 1993: 162). Í germynd og miðmynd er svo beygðir aðriststofnar og nútíðarstofnar (Jón Axel Harðarson 2015: 1-2).

4. Háttur. Háttaskipan er með fernum hætti: (1) raunveruleiki (sem tjáður er með framsöguhátti (nt., aór., perf.) og injunktíf (nt., aór., perf.), impf. og plqpf. (Jón Axel Harðarson 2015: 3) (2) áskorun (boðháttur), (3) ósk, möguleiki (óskháttur), (4) vilji, vænting (viðtengingarháttur) (Mallory og Adams 2006: 63).

5. Tíð. Tíðir eru þrenns konar: ‘tímaleysi’ (injunktíf), ‘nútið’ (fh. nt., fh. perf.), ‘fortíð’ (þt.: impf., fh. aór., plqpf.). Eðli málsins samkvæmt kemur ‘tímaleysi’ einungis fyrir þar sem hvorki er vísað til ‘fortíðar’, ‘nútiðar’ né ‘framtiðar’, sbr. *sólin kemur upp í austri* (þannig hefur það alltaf verið og verður um ókomna framtið). Í setningum af þessu tagi er notast við injunktíf, en svo er sú persónubeygða sagnmynd nefnd sem hefur hvorki þátíðarforskeyti (‘ágment’, lat. augmentum) né nútíðarendingu, heldur hefur þess í stað þátíðarendingu sem ein og sér hefur ekki tímatilvísun. Að sama skapi var injunktíf líka notaður í stað fh. nt. eða impf./plqpf. og fh. aór. í samhengi sem með skýrum hætti gaf til kynna hvort vísað væri til nútíðar eða fortíðar. Indóevrópska tjáði ‘framtið’ ýmist með viðtengingarhátti (þ.e. með hætti en ekki tíð) eða þá með desíderatíf-myndunum, þ.e. verknaðargerðum sem tákna ásetning, vilja eða löngun (Jón Axel Harðarson 2015: 3).

6. Horf. Horf eru af tvennum toga: ‘imperfektíft’ og ‘perfektíft’ horf. Horf tjáir skilning talanda á afstöðu verknaðar til líðandi tíma en í því samhengi má líta á verknaðinn sem varandi athöfn án endapunkts, eða þá sem afmarkaða athöfn með upphafi og enda. Varandi athöfn felur í sér ‘imperfektíft’ horf, sem táknað var með nútíðarstofni, auk perfektstofns. Afmörkuð athöfn með upphafi og enda gefur til kynna „perfektíft“ horf, sem var táknað með aðriststofni og aðallega notað í liðinni tíð, þrátt fyrir að vera ekki bundið við hana (svo sem í öðrum háttum en framsöguhátti).

Enda þótt hér hafi verið nefndar allar helstu formdeildir indóevrópska sagnkerfisins, á enn eftir að minnast á hugtakið verknaðargerð (þ. Aktionsart). Upprunalega voru til staðar margs konar sagnstofnar, og fólu þeir í sér mismunandi verknaðargerðir sem táknuðu sérstök einkenni verknaðar ótengd skoðun talanda eða textasamhengi (Jón Axel Harðarson 2015: 4). „Þessi einkenni verknaðar eru innbyggð í merkingu viðkomandi sagnar. Verknaðargerð er því orðfræðileg, þ.e. lexíkölsk, í eðli sínu“ (Jón Axel Harðarson 2000: 134). Umrædd einkenni verknaðar geta verið með

ýmsu móti og táknað t.d. atburð sem gerist á augnabliki (e.o. detta, stinga), dvöl í tíma (e.o. leita, skoða), ástand (e.o. sitja, sofa), ástandsþrengingu (e.o. roðna „verða rauður“, sofna), endurtekningu (e.o. klifa „sístagast á“, blaðra), áherslu (e.o. þamba „drekka ákaflega“), mark (e.o. hitta, koma, færa e-m e-ð), orsökun (græta, fella) (Jón Axel Harðarson 2015: 4).

Nútiðarstofn gat beygst í nútíð og þátíð en sem dæmi um það má líta til rótarinnar **g^{wh}en-*, sem jafnframt var nútíðarstofn (rótarnútíð), en af henni var mögulegt að mynda 3.p.et.nt.fh.gm. **g^{wh}én-ti* ‘er að slá, slær’ (sbr. ved. *hán-ti* ‘slær, drepur’), 3.p.et. impfc. **g^{wh}en-t* ‘var að slá, sló’ (sbr. ved. *áhan* < **áhant*). Aóriststofn tjáði perfektíft horf og í framsöguhætti vísaði hann því einungis til liðinnar tíðar (Lundquist og Yates 2018: 2157). Sem dæmi má nefna rótina **derk* ‘koma auga á, sjá’, sem vegna perfektífrar merkingar sinnar myndaði aóriststofn án nokkurra aðskeyta, þ.e. svokallaðan rótaraórist, en hann hafði í 3.p.et.fh.gm myndina **é-derk-t* ‘kom auga á, sá’ (Jón Axel Harðarson 1993: 155, LIV 2001: 144).

Samband horfs, tíðar og háttar í indóevrópsku (sbr. Jón Axel Harðarson 2010: 1)

Stofnar	Horf	Tíðir (í fh.)	Hættir
nútiðarstofn	Imperfektíft	nútið/ þátíð (impf.)	fh., vh., óh., bh.
aóriststofn	perfektíft	þátíð (aórist)	fh., vh., óh., bh.

Perfektíð, sem var imperfektíft að horfinu til og tjáði „ástand (frumlags) sem afleiðingu lokins verknaðar eða atburðar“ (Jón Axel Harðarson 2015: 4), greindi sig frá nútíð og aórist bæði á orðmyndunarlegan og hlutverkslegan hátt. Það hvort sagnrót myndaði nútíðar- eða aóriststofn fór eftir orðfræðilegu horfi hennar. Ef grunnmerking rótar var perfektíf (fólk í sér lok verknaðar) áhlotnaðist henni aóriststofn, en ef hún var imperfektíf (táknaði varandi verknað) var henni eðlilegt að mynda nútíðarstofn. Perfektífar rætur á borð við **deh₃-* ‘gefa’, **d^heh₁-* ‘setja’ og **mer-* ‘deyja’ mynduðu því allar rótaraórista sem sína grunnstofna (sbr. **é-deh₃-t* ‘gaf’ > ved. *ádāt*). En imperfektífar rætur á borð við **b^heh₂-* ‘tala’ og **h₁ei-* ‘fara’ útheimtu rótarnútíðir sem sína grunnstofna (sbr. **b^héh₂-ti* ‘talar’ > gr. *φησι*). Rót sem hafði perfektíft orðfræðilegt horf var mögulegt að mynda nútíðarstofn sem hafði imperfektíft málfræðilegt horf og

gerði hún það með aðskeytum, t.d. myndaði **deh*₃- ‘gefa’ tvöföldunarnútiðina **dé-doh*₃-*ti* ‘gefur, er að gefa’ (Lundquist og Yates 2018: 2157).

Með ýmsum aðskeytum mátti mynda nútíðarstofna, m.a. með því að skeyta „þematísku“ sérhljóði aftan við rótina (**b^hér*- ‘bera’ → **b^hér-e-ti* > ved. *bhár-a-ti*) sem og með nefhljóðsinnskeyti sem sett var inn í rótina (sbr. **ǰeug*- ‘tengja’ → **ǰu-né-g-ti* ‘tengir’ > ved. *yu-ná-k-ti*). Með svipuðum hætti gat rót með imperfektífu orðfræðilegu horfi myndað aóriststofn, sem hafði perfektíft málfræðilegt horf, með aðstoð aðskeyta, svo sem viðskeytinu **-s-*, sbr. **ǰeǵ^h*- ‘flytja, færa’ → aórist **é-ǰeǵ^h-s-t* ‘flutti, færði’ (> lat. *vēxit*) (Lundquist og Yates 2018: 2158).

Aftan við stofnana bættust svo persónuendingar í eintölu, tvítölu og fleirtölu, en hvert beygingingardæmi gaf af sér níu hugsanlegar myndir. Í sagnbeygingunni var grundvallaraðgreining gerð á germynd, miðmynd og ástandsmynd (rótastatíf og perfekt) (Jón Axel Harðarson 2015: 1-2).

Myndunum þremur, germynd, miðmynd og ástandsmynd, stóð til boða tvenns konar endingar: nútíðarendingar („prímerar“ endingar) sem komu fram í nútíð (þar með einnig perfektí) og í viðtengingarhætti, og þátíðarendingar („sekúnderar“ endingar) sem notaðar voru í þátíð (aórist, imperfekt og plúskvamperfekt) auk óskháttar og viðtengingarháttar. Hinar mismunandi gerðir endinga hlutu því eftirfarandi dreifingu (samkvæmt Fortson 2010: 229-230):

Gerðir endinga	Sagnstofnar
Nútíðarendingar germyndar	<i>nt. fh., vh.</i>
Þátíðarendingar germyndar	<i>impf. og aór.fh., óh.</i>
Nútíðarendingar miðmyndar	<i>nt. fh., vh.</i>
Þátíðarendingar miðmyndar	<i>impf. og aór.fh., óh.</i>
Nútíðarendingar ástandsmyndar	<i>nt. fh., vh. (rótastatíf, perfekt)</i>
Þátíðarendingar ástandsmyndar	<i>þt. (plqpf.), óh.</i>

Að því er varðar samband horfs, tíðar og háttar í indóevrópsku er rétt að skerpa á eftirfarandi atriðum: Horfin voru aðeins tvö, þ.e. imperfektíft og perfektíft horf. Hið imperfektífa var táknað með nútíðarstofni, hið perfektífa með aóriststofni.

Tíðir voru einnig aðeins tvær, nútíð og þátíð, og var aðgreining þeirra aðeins möguleg í framsöguhætti (Jón Axel Harðarson 2010: 1). Framtíð var ekki til sem málfræðileg tíð, en tímastigið framtíð var táknað með viðtengingarhætti, sem merkti vilja og væntingu, eða með verknaðargerðum sem merktu ásetning, vilja eða löngun (þ.e. desíderatífum sagnstofnum). Nútíð framsöguháttar var einungis unnt að mynda af nútíðarstofni. Í framsöguhætti kom aórist því aðeins fyrir í þátíð (Jón Axel Harðarson 2015: 3).

Hættir sagna gátu haft bæði imperfektífa og perfektífa merkingu, enda voru þeir ýmist myndaðir af nútíðar- eða aóriststofni. Þetta sýnir eftirfarandi andstæða í grísku: $\mu\eta$ $\vartheta\omicron\rho\upsilon\beta\acute{\eta}\sigma\eta\tau\epsilon$ (vh. aór.) ‘byrjið ekki með (neinn) hávaða!’ : $\mu\eta$ $\vartheta\omicron\rho\upsilon\beta\epsilon\acute{\iota}\tau\epsilon$ (bh. nt.) ‘verið ekki með (þennan) hávaða!’ (Rix 1992: 192).

„Í setningum sem táknuðu bann („próhibitífum“ setningum) var gerður greinarmunur á „preventífum“ og „inhibitífum“ setningum. Í preventífri setningu er lagt bann við einhverju sem enn hefur ekki hafizt; í inhibitífri setningu er hins vegar eitthvað bannað sem nú þegar (eða reglulega) á sér stað. Í preventífum setningum voru notaðar myndir af aóriststofni, í inhibitífum myndir af nútíðarstofni.“ (Jón Axel Harðarson 2007: 1).

3. Perfekt í indóevrópsku: myndun og hlutverk

Einkenni perfekts í indóevrópsku voru tvöföldunarforskeyti og sérstakar beygingarendingar. Indóírönsk mál og gríska varðveita tvöföldunarperfektíð vel, latína gerir það síður og germönsk mál sjaldan (Beekes 2011: 265).

Eina perfekt indóevrópsku sem örugglega var myndað án tvöföldunarforskeytis (a.m.k. samtímalega séð) er **uoid-/*uid* ‘vita’ og kemur það fyrir í flestum dótturmálunum, hvort sem þau hafa almennt glatað tvöföldunarforskeyti perfekts (sbr. gotn. 1.p.et. *wait*, fks. *vědě*, fpr. *waidimai* (1.p.ft.), arm. *gitem*) eða varðveitt það vel (sbr. ved. 1.p.et. *véda*, fav. *vaēdā*, gr. *οἶδα*, fir.:*fetar*) (Jasanoff 2005: 228).

Gríska, indóíranska og germanska benda til þess að indóevrópska perfektíð hafi haft *o/Ø*-hljóðskipti, þ.e. *o*-stig rótar sem bar áherslu í eintölu en hvarfstig rótar í fleirtölu (og tvítölu) þar sem endingar höfðu áherslu (Weiss 2009: 409, Beekes, 2011: 266).

Eins og komið hefur fram var tvöföldun einkennandi fyrir perfekt, en í indóevrópsku voru tvær megingerðir tvöföldunar. Í fyrri gerðinni var fyrsta rötarsamhljóðið tvöfaldað, stundum fyrstu tvö, en í þeirri síðari var (nánast) öll rötin tvöfölduð. Fyrri gerðin kemur fyrir í nútíðar- og aóriststofnum, en einkum þó í perfektstofnum. Seinni gerðin er notuð í áherslu- og endurtekningarsögnum (Beekes 2011: 253). Í tvöföldunarforskeyti fylgdi rötarsamhljóði ákveðið sérhljóð en fjöldi indóevrópskra mála bendir til þess að upprunalegt tvöföldunarsérhljóð perfekts hafi verið **e* (sjá t.d. Kulikov 2005: 439). Þetta sýnir grískan best (sbr. *λέλοιπε* ‘hann/hún hefur yfirgefið’) (Chantraine 1926: 297) en framgömun uppgómmæltra lokhljóða sem átti sér stað í indóírönskum málum (sbr. ved. *cakāra* ‘hann/hún hefur gert’ með *ca- <*k^we-*) bendir til þess sama (Kulikov 2005: 439).

Hefjist rötin á **sC-* eða **HC-* eru tveir fyrstu stafirnir tvöfaldaðir, sbr. **ste-stóh₂-/-sth₂-*: ved. *tastháu* ‘hann/hún stendur, hefur stillt sér upp’, lat. *steī* ‘ég hef tekið mér stöðu, stóð’ og **ste-stóud-e* ‘hann/hún hefur steytt’: gotn. *stai-staut* (með /ai/ [ε] < **e*) en hins vegar **de-dórk-e* ‘hann/hún hefur séð’: skt. *dadárša*, gr. *dédorke* (Beekes 2011: 253).

Í tvöföldunarforskeyti nútíðarstofna var auk **e* einnig notað sérhljóðið *i*, sbr. gr. *δίδωμι* ‘ég gef’ (: ved. *dádāti* ‘hann/hún gefur’), gr. *ἵστημι* (*hístēmi*) ‘ég set, læt standa’, ved. *tíṣṭhati* ‘hann/hún stígur, tekur sér stöðu, stendur’, lat. *sistō* ‘ég set, læt standa, tek

mér stöðu'. Sérhljóðin *e* og *i* í tvöföldunarforskeyti nútíðarstofna eiga rætur að rekja til tveggja áherslu- og hljóðskiptagerða í indóevrópsku. Gerðin sem hafði **e* bar áherslu á tvöföldunarforskeytinu í öllu beygingardæminu en gerðin sem hafði **i* hafði áherslu ýmist á rót (í fh. et.) eða endingu (í fh. tt. og ft.). Þannig eru ved. *dádhāti* 'hann/hún setur, gerir' annars vegar og gr. *ἵστημι* (*hístēmi*) (sjá hér að ofan) hins vegar komin af ie. **d^hé-d^hoh₁-ti* og *s(t)i-stéh₂-mi* (LIV 2001: 16).

Áherslusagnir sem táknuðu endurtekinn verknað tvöfölduðu að því virðist næstum alla rótina. Ef rótin endaði á lokhljóði var það ekki haft með í tvöföldunarforskeytinu. Reglan var þessi *CéR-CoR(T)-/-CR_o(T)-*, sbr. *déj-d_oik/-dik-*: fav. *daēdōišt* 'sýnir', ved. (lh.) *dédiśat-* 'sýnandi' (LIV 2001: 24, 108)

Eins og nefnt hefur verið bjó indóevrópska perfektið yfir sérstökum persónuendingum sem skeytt var aftan við sagnstofninn og er endurgerð þeirra hér að neðan.

Persónuendingar ie. perfektsins (sbr. Jón Axel Harðarson 2015: 3)

	-nútt.	+nútt.
et. 1.	-h ₂ e	-h ₂ e _ɪ
	-th ₂ e	-th ₂ e _ɪ
	-e	-e _ɪ
tt. 1.	-meh ₁ (?)	?
	-h ₁ e (?)	?
	-r	-rs
ft. 1.	- <u>q</u> eh ₁ (?)	?
	?	?
	?	?

Upprunalega höfðu perfektið og rótarstatífar sams konar endingar en síðarnefnda formgerðin fjarlægðist smám saman þetta kerfi, t.a.m. með því að taka upp miðmyndarendingar í 1. og 2.p.ft. (Jón Axel Harðarson 2015: 3).

Perfektið hefur upprunalega haft ástandsmerkingu. Kapović (2017: 97) er þeirrar skoðunnar að það hafi upprunalega táknað ástand á borð við 'hann/hún er dauð(ur)' en á einhverju stigi, líklega á síðindóevrópskum tíma, hafi það orðið resúltatíft ('hann/hún

hefur dáíð’); í sumum ie. málum hafi það svo síðar þróast í venjulega þátíð (‘hann/hún dó’). Í fornum tungumálum á borð við hómerska grísku, ásamt leifum í klassískri grísku, táknað perfekt það ástand sem frumlagið er í, sbr. *τέθνηκε* ‘er dauð(ur)’ (andspænis þeim myndum sem tákna atburði, sbr. *θνῆσκει* ‘hann/hún deyr’ og *(ἀπ)έθανε* ‘hann/hún dó’) og *ἔσθηκα* ‘ég stend’ (andspænis *ἴσταμαι* ‘ég tek mér stöðu’) (Kapović 2017: 97).

Umrætt eðli perfektsins kemur með skýrum hætti í ljós í setningum á borð við: *τεθνῶσιν οἱ θανόντες* (Eur. Ale. 541), sem á íslensku myndi útleggjast: *þeir sem hafa dáíð* (aórist) *eru dauðir* (perfekt) (Weiss 2009: 409).

Upprunaleg nútímaskírskotun perfekts er einna best varðveitt í dæminu **uóid-h₂e* ‘ég veit’, sem eins og minnst hefur verið á, á sér marga afkomendur í ie. málum. Þetta perfekt er myndað af rótinni **ueid-* ‘koma auga á, sjá’ og hefur merkingarþróun þess þá verið ‘hef komið auga á, hef séð’ → ‘veit’. Svipað er uppi á teningnum í dæmum eins og *meminī* ‘ég man’ (Kapović, 2017: 97), ved. *dadhársa* ‘er þorin(n)’ (Jasanoff 2005: 30) og í raun í núpálegum sögnum germanskra mála (Kapović 2017: 97).

Um perfekt er rétt að taka fram að það var hvorki sérstakt horf („statíft“ horf við hlið hins perfektífa og imperfektífa horfs) né sérstök tíð, heldur var það verknaðargerð sem táknaði ástand; málfræðilega flokkast það sem nútíðarstofn sem í framsöguhætti gat myndað bæði nútíð og þátíð. Þetta sýna endingar perfekts í indóevrópsku málunum sem ýmist endurspeglar nútíðar- eða þátíðarendingar þess. Sú staðreynd að það notaði nútíðarendingar sýnir að það jafngilti nútíð. Perfektíð var sem sé ástandsnútíð og sem slíkt var það að horfinu til imperfektíft. Það sem flækir málið er hins vegar að þrátt fyrir að það tákni ástand í nútímanum felur perfektíð einnig í sér lokinn verknað. Það táknað sem sé ástand (frumlags) sem afleiðingu lokins verknaðar (Jón Axel Harðarson 2017: 930).

Mikilvægt er að áréttar að í indóevrópsku táknaði perfekt ástand frumlags en ekki andlags eins og síðar varð, þegar hið svokallaða „objekt-resúltatífa“ perfekt þróaðist í ýmsum dótturmálum indóevrópsku. Af þessum sökum var perfekt ekki myndað af rótum eins og **deh₃-* ‘gefa’ eða **g^{wh}en-* ‘slá, drepa’, þar sem verknaðurinn sem þær fela í sér leiðir ekki til neins nýs ástands hjá frumlaginu. Sá sem hefur gefið eða drepíð er sjálfur í sama ástandi og áður. Í þessu sambandi má nefna að í hómerskri grísku, sem varðveitir upprunalegt hlutverk perfekts best allra mála, myndar t.d. sögnin *δίδωμι* ‘ég gef’ ekkert perfekt í germynd (en það er indóevrópskur arfur andstætt þolmyndarperfektí, sem er nýjung, sjá hér að neðan). Í klassískri grísku, þar sem objekt-resúltatíft

perfekt hafði þróast, kemur perfekt germyndar hins vegar fyrir af þessari sömu sögn. Sömuleiðis geta þar sagnir eins og *καίνω* ‘ég drep’ myndað perfekt (*κέκονα* ‘ég hef drepið’) (Jón Axel Harðarson 2017: 932).

Loks skal tekið fram að í indóevrópsku var aðeins til það perfekt sem í indóírönsku og grísku kemur fram sem perfekt germyndar. Meðíópassíft perfekt í þessum málum er nýjung eins og sést bæði á hlutverkslegum og orðmyndunarfræðilegum mun þess í málunum (Jón Axel Harðarson 2017: 942).

4. Afdrif perfekts í grísku, sanskrít og latínu

Heimildir um indóevrópsk mál ná langt aftur í tímann en elstu heimildir um tungumál af þessu ætterni eru tæplega 4000 ára gamlar hettitískar leirtöflur sem hafa fundist í miðri Anatólíu og geyma texta ritaða með fleygrúnalettri (Clackson 2007: 2). Fleiri anatólísk mál af indóevrópskum uppruna eru varðveitt í heimildum frá 2. árþúsundi f. Kr. (Kapović 2017: 171)

Elstu heimildir um gríska tungu eru frá mýkenska tímabilinu, og eru það hinar svokölluðu linear-B-leirtöflur. Þær eru frá 14. og 13. öld fyrir Kr. Gullöld forngrísku rennur hinsvegar upp síðar, á tímabilinu 750-700 f. Kr., þegar stórskáldið Hómer kvað Ílíons- og Ódysseifskviður (Beekes 2011: 24).

Fornindverskar málheimildir eru litlu yngri en elstu grísku textarnir. Þær eru frá vedíska tímabilinu eða frá um 1500-500 f. Kr. Elsti vedíski textinn er *Rigveda* sem talinn er hafa verið saminn um 1200 f. Kr. Sumir gera reyndar ráð fyrir að hann sé eldri eða frá því um 1500 f. Kr. Málið á vedísku textunum er kallað vedíska eða vedísk sanskrít.

Elsta heimild um latínu er frá fyrri hluta 7. aldar f. Kr. Er það textinn á brjóstnælunni frá Praeneste (sem í dag heitir Palestrina). Svo vill til að einmitt í þessum texta kemur fyrir sagnmynd sem sýnir tvöföldunarforskeyti. Textinn er svohljóðandi: MANIOS: MED: VHE:VHAKED: NVMASIOI (hér stendur ‘VH’ fyrir *f*). Á klassískri latínu væri þetta: *Manius mē fēcit Numeriō* ‘M. gerði mig handa N.’. Myndina VHEVHAKED /fefaked/ má greina sem tvöföldunarperfekt *fefak-* með aðristendingu *-ed* (Meiser 2003: 89 nmr. 41, 178-180).

Eins og fram hefur komið hefur hlutverk hins indóevrópska perfekts varðveist vel í grísku, einkum hómerskri grísku, þ.e. málinu á kviðum Hómers. Hins vegar hafa þar orðið allnokkrar breytingar á formi þess. Upprunaleg hljóðskipti eru t.d. varðveitt í hóm. 1.p.et.fh. *γέγονα* ‘ég er fæddur’, 1.p.ft. *γέγαμεν* (< **ge-gon-* / **ge-gŋ-*), *μέμωνα* ‘ég hef í huga, þrái’, 1.p.ft. *μέμαμεν*, *δείδω* /dēdō/ ‘ég óttast’ (< **de-dfo(i)-a*), 1.p.ft. *δείδιμεν* /dēdimen/ (< **de-dfi-mēn*, sjá Rix 1992: 93, 221) (hjá Hómer hafa myndirnar enn verið **de-dfo*, **de-dfi-mēn*, en þær koma fram eins og sýnt er í yngri textavarðveislu), einnig í „núþálegu sögninni“ *οἶδα* ‘ég veit’ (= ved. *véda*, gotn. *wait* < ie. (injunktíf, án ágments en með þátíðarendingu) **uóǵd-h₂e* andspænis fksl. *vědě* < ie. (fh., með

núttíðarendingu) **μóιδ-η2ει*), 1.p.ft. *ἴδμεν* (att. *ἴσμεν*, sjá beygingardæmi hér fyrir neðan).

Dæmi eru um að ýmist *o*-stig eintölu eða hvarfstig tvítölu og fleirtölu hafi verið alháft í beygingardæminu, sbr. *λέλοιπα* ‘ég er í burtu frá, hef yfirgefið’, 1.p.ft. *λελοίπαμεν*, hóm. *δείδια* ‘ég óttast’ (við hlið *δείδω*, sjá hér að ofan, og *δείδοικα*, með *κ*-viðskeyti), eftir 1.p.ft. *δείδιμεν* o.fl.

Myndun perfekts í grísku sýnir ýmsar nýjungar sem of langt mál yrði að telja upp hér. Þó skal minnst á hið frjóa *κ*-perfekt, þ.e. hið svokallaða ”veika perfekt” sem sýnir *κ*-viðskeyti í germynd. Sem dæmi um það má nefna myndir eins og att. *δέδωκα* ‘ég hef gefið’ (af *δίδωμι* ‘ég gef’), *πεποίηκα* ‘ég hef gert’ (af *ποιέω* ‘ég geri’), *ἔστηκα* ‘ég stend’ (af *ἵσταμαι* ‘ég tek mér stöðu’) og *ἔσταλκα* ‘ég hef sent’ (af *στέλλω* ‘ég sendi’). Þessi perfektmyndun á sér ekki neina samsvörun í öðrum ie. málum. Önnur nýjung gagnvart indóevrópsku er meðíópassífa perfektið en ekki verður rætt frekar um það í þessari ritgerð.

Einna mikilvægasta breytingin á hlutverki perfekts frá máli Hómers til klassískrar grísku felst í tilkomu hins objekt-resúltatífa perfekts sem felur í sér að ástand sem leiðir af loknum verknaði kemur ekki fram hjá frumlagi setningarinnar, heldur andlagi (um þróun perfekts í grísku sjá Chantraine 1926; sjá einnig Bornemann og Risch 1978: 215).

Hér fyrir neðan er sýnd beyging framsöguháttar perfekts af tveimur sögnum í klassískri (attískri) grísku; fyrra beygingardæmið er tvöföldunarlausu perfektið *οἶδα*, sem í nafnhætti er *εἰδέναί* ‘vita’, hið seinna er *δέδοικα* (*δέδια*), í nafnhætti *δεδοικέναι* (*δεδιέναι*) ‘óttast’, sem sýnir dæmigerða tvöföldun.

	εἰδέναί ‘vita’	δεδιέναι (eða δεδοικέναι) ‘hræðast’
et. 1.p.	οἶδα	δέδοικα (δέδια)
2.p.	οἶσθα	δέδοικας (δέδιας)
3.p.	οἶδε	δέδοικε (δέδιε)
tt. 2.p.	ἴστον	δέδιτον
3.p.	ἴστον	δέδιτον
ft. 1.p.	ἴσμεν	δέδιμεν (δεδοίκαμεν)
2.p.	ἴστε	δέδιτε (δεδοίκατε)
3.p.	ἴσᾱσι	δεδιᾱσι (δεδοίκασι)

Í attísku hafa stofnallómorfín **δεδφοι-* og **δεδφι-* gefið *δεδοι-* og *δεδι-* (þ.e. *du* > *d* án uppbótarlengingar á undanfarandi *e* andstætt þróuninni í jónísku, þar sem sömu myndir gáfu *δειδοι-* /dēdoj-/ og *δειδι-* /dēdi-/ með uppbótarlengingu; sjá Rix 1992: 93). Þessi sögn sýnir tvenns konar beygingu, annars vegar „veika beygingu“ með *κ*-viðskeyti, hins vegar sterka beygingu. Veika beygingin kemur fram í eintölu, sú sterka í tvítölu og fleirtölu, þar sem *κ*-myndir eru sjaldgæfari (sjá Smyth 1920: 197-200, 218). Sögnin *οἶδα* endurspeglar í eintölu nákvæmlega þær myndir sem endurgera má fyrir indóevrópsku. Þetta perfekt er reyndar það eina í grísku sem varðveitir endinguna *-θα* (< ie. **-th₂e*). Endingin *-ας* í 2.p.et. *δέδοικας* (*δέδιας*) er hins vegar grísk nýmyndun. Hið sama gildir um endingar beggja sagna í tvítölu og fleirtölu. Endingarnar sem þar eru notaðar eru fengnar að láni úr beygingu germyndarsagna (nánara um þetta má sjá hjá Rix 1992: 256-257; um perfekt í grísku sjá einnig Delbrück 1879: 95, Wackernagel 1904 og Hirt 1934: 220).

Í vedísku, sem eins og áður greinir er elsta málstig fornindversku (sanskritar), hefur hinn forni myndunarháttur perfekts varðveist vel. Reglu samkvæmt er það myndað með tvöföldunarforskeyti. Undantekning er *véda* ‘ég veit’. Hér er horft fram hjá veikum stofnmyndum perfekts eins og *pet-* og *ten-* (í tvítölu og fleirtölu við hlið *papt-* og *tatn-* af *patⁱ* ‘fljúga, falla’ og *tan* ‘teygja, þenja’) sem fengu rôtarsérhljóðið *e* (/ē/) frá stofnmyndum eins og *sed-* (< **sazd-* af *sad* ‘setjast’), þar sem *az* hafði orðið *e* við reglulega hljóðbreytingu. Í framsöguhætti germyndar, sem einungis verður til umræðu hér, er 3.p.et. mynduð með „þanstigi“, ef rótin er af *aniṭ*-gerð og endar á *-aC* (*aniṭ* merkir ‘án *i*’, en það á við um rætur sem samtímalega séð hafa ekki viðbætt *i* í vissum orðmyndum; það þýðir að rótin endaði ekki á laryngala í indóevrópsku sem gaf *i* í fornindversku). Þetta stafar af virkni Brugmanns lögmáls, en samkvæmt því varð ie. *o* í opnu atkvæði að löngu *a* (*ā*) í indóírönsku (andstætt þróuninni í lokuðu atkvæði þar sem útkoman var stutt *a*), sbr. ved. *mamára* ‘hann/hún er dái(n)’ < **me-mór-e*. Þessi myndun með löngu *a* hefur verið yfirfærð á *set*-rætur (*set* ‘með *i*’, þ.e. rætur sem sýna viðbætt *i* í ákveðnum myndum og er það komið af ie. laryngala), sbr. *tatára* ‘hann/hún er komin(n) yfir e-ð’ í stað **tatára* < **te-tórh₂-e* (hér er *o* í lokuðu atkvæði og hefði því átt að gefa stutt *a* í indóírönsku).

Í eldri vedísku (í Veda-bókunum og eldri prósaritum) hefur perfekt tvö meginhlutverk: (*I*) (resúltatíf) ástandsnútið: ástand frumlags sem afleiðing þess verknaðar

eða atburðar sem rótin táknar, sbr. RV V 44,15 *agnír jāgāra tām řcaḥ kāmayante 'gnír jāgāra tām u sāmāni yanti* 'Agni er vakandi (er vaknaður), hann elska vísuorðin; Agni er vakandi, til hans fara ljóðin' (langa *a*-ið í tvöföldunarforskeytinu stafar af því að indóevrópska rótin hafi laryngala (*h_l*) í framstöðu, þ.e. *jāgāra* er komið af ie. **h₁ge-h₁gór-e*, sjá LIV 2001: 245); (2) resúltatíf þátíð: liðinn verknaður eða atburður er tjáður, sem leiðir til ákveðins ástands hjá frumlagi eða andlagi; engin nákvæm tímaskipan, aðeins staðreynd mikilvæg, sbr. RV II 15,1 *trikadrúkeṣv apibat sutásya asyá máde áhim indro jaghāna* 'hjá Tríkadrúkum drakk hann af hinum pressaða safu, í vímu sinni hefur Indra drepið slönguna (drekann)'.
 Í yngri vedísku (í Brāhmaṇa-prósa) hefur perfekt þróast í frásagnarþátíð, en áður hafði imperfekt verið notað í því hlutverki. Þegar hér var komið sögu var unnt að mynda perfekt af nánast hverri sögn. Þetta hafði því í för með sér að perfekt varð mjög frjótt í fornindverska sagnkerfinu.

Hið venjulega tvöföldunarsérhljóð í vedísku er *a* (sem komið er af ie. **e*), sbr. *cakāra* 'hann/hún hefur gert' (af *kar* 'gera'). Einnig getur það verið langt *a* (*ā*) eins og við sáum í dæminu *jāgāra* hér að ofan (þar er reyndar ekkert áherslumerki, þar sem vedískar sagnir báru ekki áherslu í aðalsetningum). Þá koma sérhljóðin *i* og *u* fyrir í tvöföldunarforskeyti perfektstofna sem myndaðir eru af sögnum með rótarsérhljóðunum *ī* og *ū*, sbr. *bibhāya* 'hann/hún óttast' (af *bhayⁱ/bhī* 'verða óttafullur') og *śusrāva* 'hann/hún hefur heyrt' (af *śrav/śru* 'heyra'). Hér að neðan er sýnd beyging tveggja perfekta (samkvæmt MacDonell 1993: 151-152, 154), annað er myndað af *ved* 'vita', hitt af *dhā* 'setja, leggja':

		<i>vid</i> 'vita'	<i>dhā</i> 'setja, láta'
et.	1.p.	véd-a	da-dháu
	2.p.	vét-tha	da-dhá-tha
	3.p.	véd-a	da-dháu
tt.	1.p.	vid-vá	da-dhi-vá

	<i>vid</i> ‘vita’	<i>dhā</i> ‘setja, láta’
2.p.	vid-áthur	da-dh-áthur
3.p.	vid-átur	da-dh-átur
ft. 1.p.	vid-má	da-dhi-má
2.p.	vid-á	da-dh-á
3.p.	vid-úr	da-dh-úr

Eins og sést hefur perfektið *véda* stofnmyndirnar *ved-* og *vid-*, sem komnar eru af ie. **uoid-* og **uid-*; sú fyrri kemur fram í eintölu, sú seinni í tvítölu og fleirtölu. Áherslan er ýmist á rót (í eintölu) eða endingu (í tvítölu og fleirtölu). Þetta endurspeglar hið indóevrópska ástand. Þá varðveitir fornindverska endingar frummálsins vel í eintölu og fleirtölu (sjá endurgerð þeirra í 3. kafla). Sömuleiðis sýnir *dadháu* (sem hefur glatað fráblæstri lokhljóðs í tvöföldunarforskeyti samkvæmt Grassmanns lögmáli) stofnbrigðavíxl innan beygingardæmisins, annars vegar *dadhā-* með fullstigi rótar, hins vegar *dadhi-* eða *dadh-* með hvarfstigi rótar (í fyrri myndinni er *i* komið af laryngala sem hefur „vókaliserast“ á undan samhljóði, í þeirri seinni hefur laryngalinn fallið brott á undan sérhljóði); í 1. og 3.p.et. hefur ögnin *u* (sem t.d. kemur fyrir í boðháttarmyndum eins og *ástu* ‘hann/hún skal vera’) bæst aftan við **dadhā* (< **dadhā-a*) og við það orðið til myndin *dadháu* /*dadhāu*/ (um þessa ögn sjá LIPP II 2014: 820); í avestísku (fornírönsku) hljóðar samsvarandi mynd 3.p.et. (fav.) *dadā* eða (uav.) *daða* ‘hefur skapað’ og er hún án umræddrar agnar. Í fornindversku mynda rætur sem endar á *-ā* venjulega perfekt sem endar á *-au* í 1. og 3.p.et.fh.; undantekningar eru rigved. 1.p.et. *paprā* ‘hef fyllt’ og 3.p.et. *jahā* ‘hefur skilið eftir’ (af *prā* ‘fylla’ og *hā* ‘skilja eftir’).

Þetta yfirlit sýnir hve mikilvægur vitnisburður fornindversku er fyrir endurgerð indóevrópska perfektsins (um þróun þess í indóírönsku sjá Kümmel 2000; um perfekt í vedísku sjá Delbrück 1888: 300 o.áfr. og 1897: 94 o.áfr., 271-275 auk Hoffmanns 1967: 160).

Þriðja tungumálið sem tekið verður fyrir í þessum hluta ritgerðarinnar er latína. Þróun perfektsins var þar með öðrum hætti en í grísku og sanskrít.

Á forsögulegum tíma hefur aórist runnið saman við perfektíð, sem fyrir vikið getur haft bæði aóristíska og statífa merkingu. Þetta endurspeglast í þeim mun sem fram kemur á *perfectum historicum* og *perfectum absolutum*. Þannig getur perfekt eins og *aedificāvit* merkt bæði ‘hann/hún byggði’ og ‘hann/hún hefur byggt’. Leifar samruna aóristis og perfekts í latínu koma einnig fram í stofnmyndun og beygingarendingum. Myndin *meminī* ‘ég minnst, man’, sem sýnir tvöföldunarforskeyti, er gamalt perfekt sem latína hefur fengið í arf frá indóevrópsku. Það samsvarar gr. *μῆμονα* ‘ég hef í huga, þrái’. Munurinn er aðeins sá að latneska myndin er komin af ie. **me-món-h₂ai* (með nútíðarendingu), en sú gríska af **me-món-h₂a* (með þátíðarendingu). Hins vegar er myndin *dīxī* ‘ég sagði, hef sagt’, sem mynduð er að *dīcō* með *s*-viðskeyti, komin af aóristi, svokölluðum *s*-aóristi, sem á sér samsvörun í gr. *ἔδειξα* ‘ég sýndi’ (að því er merkinguna varðar má geta þess að flsl. *téa* (= isl. *tjá* < germ. **tīhan-*), sem myndað er að sömu rót, hefur bæði merkinguna ‘sýna’ og ‘skýra frá’). Þá sýna fornlatneskar áletranir að á eldra skeiði málsins hafði 3.p.et. perfekts ýmist gamla aórist- eða perfektendingu.

Eins og greint var frá hér að ofan samanstendur myndin *vhe:vhaked* /*fefaked*/ í áletrun frá fyrri hluta 7. aldar af perfektstofni og aóristendingu. Önnur perfektmynd af sömu sögn (þ.e. *faciō* ‘ég geri’), sem komin er gömlum aórist, er 3.p.et. *feced* /*fēked*/ (á Duenos-áletruninni frá 6. öld), einnig með aóristendingu. Við hliðina á *-ed* (< ie. **-et*), sem síðar varð *-id*, hafði fornlatína endinguna *-eīt* í 3.p.et., sem greina ber sem *-eī+t*; hér er um ie. perfektendinguna (nútíðarendinguna) **-eī* að ræða, sem aukin hefur verið með endingu 3.p.et.nt. *-t* (< ie. **-ti*). Endingin *-eīt* breyttist í *-ēt*, síðar *-īt*, sem loks styttist og varð *-it*, en það er sú mynd sem notuð er í klassískri latínu. Langt sérhjóð er hins vegar enn varveitt í máli leikritaskáldsins Plautusar (u.þ.b. 254-184 f.Kr.). Um það vitna einnig rithættir eins og *fvveit* /*fūit*/ ‘var’ (seinna *fuīt*) í áletrunum frá 2. öld f. Kr. (sjá Meiser 1998: 217 og Weiss 2009: 392).

Sagnmyndir á borð við *dedī* (af *dō* ‘ég gef’), *stetī* (af *stō* ‘ég stend’ og *sistō* ‘ég tek mér stöðu, nem staðar’) og *cecinī* (af *canō* ‘ég syng’) varðveita upprunalega tvöföldunarsérhljóðið **e*. Í sögnum þar sem rôtarsérhljóðin *i*, *u*, og *o* koma fyrir bæði í nútíð og þátíð er *e* hins vegar skipt út fyrir þessi hljóð í tvöföldunarforskeytinu, sbr.

didicī (af *discō* ‘ég læri’), *cucurrī* (af *currō* ‘ég hleyp’), *pupugī* (af *pungō* ‘ég sting’) og *momordī* (af *mordeō* ‘ég bit’). Dæmi eru um að sérhljóð falli brott í tvöföldunarforskeytinu, sbr. *repperī* (< **repeperī* af *reperiō* ‘ég endurheimti, finn’), *reppulī* (< **repepulī* af *repellō* ‘ég rek til baka’, *rettulī* (< **retetulī* af *referō* ‘ég ber, færi til baka’). Af myndum eins og *attulī* (< **ad-tetulī* af *adferō* ‘ég ber til’) mátti leiða tvöföldunarlausar myndir eins og *tulī* í stað *tetulī* (sjá Meiser 1998: 210, Weiss 2009: 123, 183, 409, 410, 418, 432).

Hér fyrir neðan er sýnt hvernig perfektin *vīdī* ‘ég sá, hef séð’ og *meminī* ‘ég man’ beygjast. Um beyginguna skal aðeins tekið fram að endingar 1., 2. og 3. p. eintölu og 3. p. fleirtölu endurspeglar nútíðarendingar perfekts í indóevrópsku. Forsaga þeirra er þessi: 1.p. *-ī* < frumlat. *-ai* < ie. **-h₂aj*, 2.p. *-istī* < frumlat. **-[is]taj* < ie. **-th₂aj*, 3.p. *-it* < *-īt* < *-ēt* < frumlat. **-e_i[t]* (með viðbættri nútíðarendingu *-t* < ie. **-ti*) < ie. **-e_i*, 3.p.ft. *-ēre* < frumlat. **-ēr[i]* (með viðbættu *i* sem einkenndi nútíðarendingar) < ie. **-ēr* (< **-ers*); í 3.p.ft. var einnig til endingin *-erunt* (< **-iz-ont*, með *-iz-* < *-is-*, sem einnig kemur fyrir í 2.p.et. og 2p.ft.); hliðarmyndin *-ērunt* varð til við blöndun endinganna *-ēre* og *-erunt* (um endingarnar almennt sjá Meiser 1998: 217-218 og Weiss 2009: 391-393).

		<i>vīdisse</i> ‘að sjá’	<i>meminiss</i> ‘að muna’
et.	1.p.	<i>vīdī</i>	<i>meminī</i>
	2.p.	<i>vīdistī</i>	<i>meministī</i>
	3.p.	<i>vīdit</i>	<i>meminit</i>
tt.	1.p.	<i>vīdimus</i>	<i>meminimus</i>
	2.p.	<i>vīdistis</i>	<i>meministis</i>
	3.p.	<i>vīdērunt (-ēre)</i>	<i>meminērunt (-ēre)</i>

5. Breytingar á indóevrópska sagnkerfinu í germönsku

Einn hornsteinn indóevrópska sagnkerfisins var andstæða nútíðar- og aóriststofna sem í eðli sínu byggðist á aðgreiningu horfa fremur en tíða, þ.e. aðgreiningu perfektífs og imperfektífs horfs. Prímerir nútíðarstofnar voru leiddir af rót annaðhvort með núllaðskeyti eða viðskeytum á borð við *-e/o-*, *-je/o-*, *-ske/o-*, auk innskeytisins *-ne/n-*. Upprunalega táknuðu aðskeytin ákveðnar verknaðargerðir. Með tímanum urðu sumar þessara myndana merkingarlega snauðari og að lokum leiddi það til þróunar nútíðarstofna, sem ekki táknuðu lengur sérstaka verknaðargerð, heldur aðeins hið imperfektífa horf (Jón Axel Harðarson 2017: 930).

Gríska, armenska og indóírönsk mál varðveita hið svokallaða ágment (e. augment), forskeyti sem markaði þátíð og birtist aðeins í framsöguháttum (Ringe 2006: 27). Ágmentið hefur glatast í germönsku (Polomé 1995: 199) en hvarf þess má setja í samhengi við hvarf i.e. imperfekts og aórists. Svo virðist sem ágmentið varðveitist einungis í málum sem halda í upprunalegt horfakerfi. Mál sem glötuðu ágmentinu þróuðu þess í stað þátíðarstofna sem táknuðu tíð, en við það varð ágmentið óþarft. (Pagniello 2002: 146-148).

Sérstaða germanska sagnkerfisins felst m.a. í því að tveir ólíkir flokkar sagna eru afsprengi i.e. perfektífsins. Í fyrsta lagi mynda germanskar sterkar sagnir þátíð sem frá orðmyndunarlegu sjónarmiði er komin af i.e. perfektí, og í öðru lagi er það flokkur núþálegra sagna sem er af sama meiði. Þar sem perfekt í indóevrópsku hafði ástandsmerkingu og skírskotaði til nútíðar (eins og fram kemur í 4. kafla) er ljóst að núþálegar sagnir varðveita einna best upprunalegt eðli þessarar formdeildar. Á hinn bóginn hefur perfekt gengið í gegnum merkingarfræðilegar breytingar innan i.e. mála (Ringe 2006: 151, 153).

Á forgermönskum tíma virðast flest i.e. perfekt hafa þróað resúltatífa merkingu, líkt og gerðist í sanskrít, grísku og latínu, áður en það varð að einfaldri þátíð í frumgermönsku (Ringe 2006: 155-157). Einhvern tíma á leið sinni frá indóevrópsku til frumgermönsku hefur lungi sterkra þátíðarmynda glatað tvöföldunarforskeyti sem myndunarháttur. Ákveðnir þættir í sagnbeygingu greiddu götu þessarar breytingar; fyrstu sex flokkar sterkra sagna sýna hljóðskipti sem nægja til að aðgreina nútíð og þátíð. Tvöföldunarforskeyti var hér umframur þáttur (sbr. Jasanoff 2007: 243).

Afleiðing þessarar merkingarfræðilegu þróunar í forfrumgermönsku var sú að perfekt fh. fékk það hlutverk að tákna fortíð eins og aórist fh. og imperfekt, og þar með lenti það í samkeppni við þessar formdeildir. Niðurstaða þessarar samkeppni liggur ljós fyrir, þ.e. perfektið vann yfirburðarsigur í rimmu sinni við aórist svo að sá síðarnefndi dó út sem formdeild (Ringe 2006: 157-160). Imperfektið fór svo líka sömu leið (Jón Axel Harðarson 2017: 930).

Hvarf aórist leiddi til þess að horfaandstæðan gamla leið undir lok. Viðtengingarháttur, sem táknaði vilja og væntingu glataðist sömuleiðis sem formdeild í germönsku en við hlutverki hans tók óskháttur (og að nokkru leyti framsöguháttur) (sbr. Ringe 2006: 160).

Veik þátíð er sérstök þátíðarmyndun í germönsku sem einkennist af tannhljóðsviðskeyti. Að öllum líkindum á hún uppruna sinn í perífrastískri myndun sem samanstóð af lýsingarhætti þátíðar og persónubeygðum myndum sagnarinnar **dō-* ‘gera’ (sjá Rasmussen 1999: 598, Ringe 2006: 166-169 og Jón Axel Harðarson 2017: 943-944). Með því að bera beygingarendingar veikrar þátíðar í gotnesku saman við þátíð sagnarinnar **dō-* í vesturgermönskum málum koma í ljós samsvaranir á milli gotnesku fleirtöluendinganna (-*dedum*, -*deduþ*, -*dedun*) og vesturgermönsku fleirtölumyndanna (sbr. fhþ. *tātum*, *tātut*, *tātun*; *t* er hér komið af germ. *d*). Gotneskt <*e*> táknar [e:] sem á frumgermönsku málstigi var ē₁ [æ:]; í norður og vesturgermönskum málum þróaðist þetta hljóð í *ā*.

Samanburður endinga veikrar þátíðar í gotnesku og þátíðar sagnarinnar ‘gera’ í vesturgermönskum málum (sbr. Jón Axel Harðarson 2017: 943)

	Gotneska	Fornenska	Fornsaxneska	Fornháþýska
et				
1.p.	- <i>da</i>	<i>dyde</i>	<i>deda</i>	<i>teta</i>
2.p.	- <i>des</i>	<i>dydes(t)</i>	<i>dādi, dedos</i>	<i>tāti</i>
3.p.	- <i>da</i>	<i>dyde</i>	<i>deda</i>	<i>teta</i>
ft.				
1.p.	- <i>dedum</i>			<i>tātum</i>
2.p.	- <i>deduþ</i>			<i>tātut</i>
3.p.	- <i>dedun</i>	<i>dydon, dādon</i>	<i>dādun, dedun</i>	<i>tātun</i>

Í eintölu er samsvörunin minni. Í bók sinni setur Ringe (2006: 148) fram eftirfarandi hugmyndir um samband eintölumyndanna.

1.p.et. ie. impf. **d^héd^heh₁m* = **[d^héd^hēm]* (sbr. skt. *ádadhām*, gr. *ἐτίθην* /etít^hē:n/, með ágmenti) > **dedē* > **dedā* > frumg. **dedō* ‘ég gerði’ (sbr. fsax. *deda*, fhþ. *teta*) og samsvarandi veik þátíðarending 1.p.et. **-dō* (sbr. gotn. *-da*, rún. *-do*, fnorr. *-ða*, fe. *-de*, fsax. *-da*, fhþ. *-ta*);

2.p.et. ie. impf. **d^héd^heh₁s* (sbr. skt. *ádadhās*, gr. *ἐτίθης* /etít^hē:s/) > frumg. **dedēz* ‘þú gerðir’ (sbr. fe. *-des(t)*) og samsvarandi veik þátíðarending 2.p. et. **-dēz* (sbr. gotn. *-des*, fnorr. *-ðir*; fsax. *dedos*, *dādi* o.s.frv. eru ummyndanir);

3.p.et. ie. impf. **d^héd^heh₁d* (sbr. skt. *ádadhāt*, gr. *ἐτίθη* /etít^hē:/) > frumg. **dedē* ‘hann/hún gerði’ (sbr. fsax. *deda*, fhþ. *teta*, líklega ummyndun) og samsvarandi veik þátíðarending 3.p.et. **-dē* (sbr. gotn. *-da*, fnorr. *-ði*, fe. *-de*, fsax. *-da*, fhþ. *-ta*) (Ringe 2006: 158).

Þessar skýringar verða þó að teljast hæpnar þegar tekið er tillit til nútíðarbeygingardæmis sagnarinnar **dō-* í vesturgermönsku, einkum fornsaxnesku og fornháþýsku, en eintölumyndir framsöguháttar hljóða þar þannig: fsax. 1.p. *dōm,-n*, 2.p. *dōs*, 3.p. *dōd*, fhþ. *tuom,-n*, *tuos(t)*, *tuot*. Rótarsérhljóð þessara mynda bendir til að þær séu komnar af stofni sem hafði *o*-stig rótar. Hér kemur helst til greina að um upprunalega tvöföldunarnútið sé að ræða sem glatað hafi tvöföldunarforskeyti sínu í frumgermönsku (líkt og perfekt). Nútið þessi hefur þá verið af gerðinni **d^hé-d^hoh₁-mi*, *-si*, *-ti* sem við hvarf tvöföldunarforskeytisins gaf **dōmi*, **dōsi/-zi* og **dōþi/-ði* í frumgermönsku. Imperfekt af þessum stofni hefur haft myndirnar **é-d^hé-d^hoh₁-m*, *-s*, *-t*. Af þessum myndum er einnig best að leiða fornindversku myndirnar sem tilfærðar eru hér að ofan (um þessa endurgerð og skýringu versturgermönsku myndanna sjá LIV 2001: 136-137).

Eftir að samband lýsingarháttur þátíðar og sagnarinnar ‘gera’ hafði verið málfræðivætt sem þátíð sagnarinnar sem lýsingarhátturinn var myndaður af, gátu allar sagnir sem skorti þátíð aðra en imperfekt, notfært sér þessa nýju þátíðarmyndun. Seinna þegar imperfekt glataðist svo sem sjálfstæð formdeild, var þetta eina leið sekúnderra sagna (einkum nafnleiddra sagna) til þess að mynda þátíð. Núþálegar sagnir, sem m.a.s. skorti imperfekt, notfærðu sér þessa nýju þróun, sbr. **aihtaⁿ dēt* ‘átti’ og **mahtaⁿ dēt* ‘var fær, mátti’.

Upprunalega hefur lýsingarháttur þátíðar sambeygst andlagi sagnarinnar ‘gera’. En eftir málfræðivæðingu orðasambandsins sem þátíðar hefur lýsingarhátturinn smám saman verið notaður í stíðnaðri mynd þf.et.hk. Síðar hefur haplólógía leitt til þess ástands í frumgermönsku sem dótturmálin bera vott um (Jón Axel Harðarson 2017: 945).

6. Sjöundi flokkur sterkra sagna í germönsku

Flokkun sterkra sagna byggist í grundvallaratriðum á hljóðskiptamynstri þeirra. Hver sterk sögn hafði fjóra stofna: (1) nútíðarstofn, en af honum voru allar nútíðarmyndir leiddar; (2) stofn þt.et.fh.; (3) stofn þt.ft.fh., en af honum var einnig leiddur viðtengingarháttur þátíðar; (4) stofn lýsingarháttar þátíðar, en hann var myndaður með viðskeytinu **-an-a* eða **-ina-* (Ringe 2006: 236, 237). Þessir fjórir stofnar ganga líka undir nafninu kennimyndir (Guðrún Kvaran 2005: 14).

Sterkar sagnir skiptast í sjö flokka og eru hljóðskiptaraðir fyrstu sex þeirra nokkuð reglulegar, en í sjöunda flokki eru sagnir sem hafa ólíka rótargerð en eiga það sameiginlegt að hafa myndað þátíð sína með tvöföldun. Þátíð sterkra sagna er, beint eða óbeint, afsprengi ie. perfekts.

Eins og nefnt hefur verið voru ákveðnar hömlur á myndun perfektsins, þ.e.a.s. það var aðeins myndað ef merking sagnrótarinnar heimilaði frumlagi setningarinnar að verða fyrir áhrifum af því ástandi sem skapaðist við lok verknaðarins (Jón Axel Harðarson, 2017: 931, 932). En í kjölfar þess að germanska sagnkerfið gekk í gegnum miklar breytingar á forsögulegum tíma, þar sem aórist og imperfekt glötuðust og horfaandstæðan leið undir lok, en síðast en ekki síst þar sem perfektið fékk objekt-resúltatífa merkingu og loks venjulega þátíðarmerkingu (Ringe 2006: 153, 156), óx því fiskur um hrygg svo að unnt varð að mynda það af flestöllum verknaðarsögnum. Þau perfekt sem ekki geta rakið ætterni sitt til upprunalegra ie. perfekta eru kölluð “neóperfekt”. Þar sem sterk þátíð í germönsku er að forminu til oftast komin af ie. perfekti, má búast við því að tvöföldun hafi upprunalega verið sameiginlegt einkenni germanskra sterkra þátíðarmynda (Jón Axel Harðarson 2017: 932). En eins og fram hefur komið, hefur germanska almennt glatað tvöfölduninni. Sá flokkur sterkra sagna sem varðveitir leifar tvöföldunarperfekts er sjöundi flokkur, en hann er einnig að ýmsu öðru leyti óreglulegur í samanburði við hina flokkana sex (Ringe, 2006: 248 og Jón Axel Harðarson 2017: 931).

Eins og í öðrum ie. málum komu fram mismunandi stofnmyndir í beygingu perfekts í germönsku, þ.e. sterk mynd í eintölu með upprunalegu *o*-stigi rótar, en veik mynd í hinum tölunum tveimur (tvítölu og fleirtölu), sbr. **re-rō-/re-r-* (físl. *rera, rero/rōro*), **se-zō-/se-z-* (físl. *sera, sero/sōro*), **le-lōt-/le-lt-* (gotn. *lailot*, fe./anglísku *leorton*, frálíking úr **leltun*), **re-rōþ-/re-rđ-* (got. *-raioþ*, fe. *reordon*) af *rō-je/a-* ‘róa’, **sā-je/*

a- ‘sá’, *læt-e/a-* ‘láta’ og *ræð-e/a-* ‘ráða’ (Jón Axel Harðarson 2017: 934, 935).

Upprunalegt sérhljóð í tvöföldunarforskeyti þessara sagna er því **e*, sem samræmist vitnisburði annarra ie. mála (Jasanoff 2007: 242). Til þess að öðlast betri skilning á þróun tvöföldunarperfektsins meðal sterkra sagna í germönskum málum og þá einnig til að skýra hvernig það hefur komið til að leifa þess gætir aðeins í sjöunda flokki, er rétt að bera þennan flokk saman við sjötta flokk (Jón Axel Harðarson 2017: 932).

Sjötti flokkur sterkra sagna einkennist (upphaflega) af hljóðskiptunum *a : ð*. Í honum eru sagnir á borð við **akanaⁿ* ‘aka’ og **hafjanaⁿ* ‘hefja’, sem höfðu þátíðarmyndirnar **ōke* og **hōfe* í 3.p.et., en þær má rekja til forfrumg. **h₂a-h₂óg-e* (þar sem **e* hefur breyst í **a* fyrir áhrif **h₂*) og **ke-kóh₂p-e*. Í fyrri myndinni hefur brottfall laryngala og sérhljóðasamdráttur leitt til þess að stofninn gaf **ōk-* í frumgermönsku. Sömuleiðis hefur hin veika stofnmynd **h₂a-h₂g-* (í tt. og ft.) þróast hljóðrétt í **ōk-*. Með sama hætti var þróunin í sögnini *ala*. Hljóðskiptin *a* (í 1. og 4. km.) : *ð* (í 2. og 3. km.) urðu einkennandi fyrir sterkar sagnir sem höfðu rótarmyndir af gerðinni **(C)aC-* í nútíð.

Í sjöunda flokki er *a*-vókalismi (*a*, *ai*, *au*) einnig einkennandi fyrir fjölda sagna, sbr. **haldanaⁿ* ‘halda’ og **haitanaⁿ* ‘heita’. Ástæðan fyrir því að slíkar sagnir gátu ekki tekið upp sömu hljóðskipti og sagnir af sjötta flokki var hljóðkerfisleg. Lögmál Osthoff’s kveður á um að löng sérhljóð styttist á undan hljómandi eða hálfserhljóði og samhljóð, þ.e. $\bar{V}RC/\bar{V}UC \rightarrow \check{V}RC/\check{V}UC$ (*R* = hljómandi, *U* = hálfserhljóð). Sagnir af sjöunda flokki sem höfðu rötargerðina **(C)aRC-* eða **(C)aUC-* hefðu því alltaf haldið rötarsérhljóði sínu stuttu þannig að enginn grundvöllur var þar fyrir hljóðskipti af gerðinni *a : ð*. Því urðu þessar sagnir að viðhalda tvöföldunarforskeyti sínu til að greina þátíðarstofn sinn frá nútíðarstofninum. Sögnum eftir 6. flokki nægði hins vegar að aðgreina nútíðar- og þátíðarstofna sína með hljóðskiptum. Tvöföldunarforskeytið var hér umframur þáttur og því hvarf það með tímanum. Hið sama gildir um þátíð sterkra sagna eftir flokkum 1-5. (Jón Axel Harðarson 2017: 932-935).

7. Þróun þátíðar sterkra sagna eftir 7. flokki í forngermönskum málum

Germönsku málafjölskyldunni er gjarnan skipt í þrjár greinar: austur-, norður- og vesturgermönsku. Austurgermönsk mál eru öll útdauð í dag, en þessum flokki tilheyrðu m.a. gotneska, búrgúndíska og vandalska. Norðurgermanska greinin samanstendur af norrænu málunum á Norðurlöndum og þeim eyjum sem byggðust af fólki þaðan. Vesturgermönsk mál teygja sig upphaflega frá norðurhluta meginlands Evrópu yfir til Bretlands (Fulk 2018: 12, 13). Gotnesk biblíuþýðing Wulfila biskups frá fjórðu öld er elsti ýtarlegi textinn sem ritaður er á germönsku máli (Murdoch 2004: 149,155).

Gotneska er eina germanska málið sem varðveitir tvöföldun sem virkt og gagnsætt ferli. Flokkur tvöföldunarsagna í gotnesku nær yfir allar sterkar sagnir sem ekki sýna hljóðskipti, þ.e. sagnir sem hafa tvíhljóðið */ai-/* (t.d. *haitan* ‘heita’ : *haihait*); */au-/* (t.d. *aukan* ‘auka’ : *ai auk*), */a-/* + samkvætt *l* eða nefhljóð (sbr. *falþan* ‘falda saman’ : *faifalþ*), */ē-/* (sbr. *slepan* ‘sofa’ : *saislep* (*ga-saizlep* ‘sofnaði’)), */ō-/* (sbr. *hvopan* ‘gorta, stæra sig’ : *hvaivop*) (Jasanoff 2007: 244), auk nokkurra sagna sem sýndu bæði tvöföldun og hljóðskipti: *grētan* ‘gráta’: *gaigrōt*, *lētan* ‘láta’ : *lailōt*, *garēdan* ‘ráða í, ástunda’: *ga-rairōþ*, *tēkan* ‘snerta’ : *taitōk*, *saian* /*sēan*/ ‘sá’: *saisō*, *waian* /*wēan*/ ‘blása’ : *waiwōun* (Fulk 2018: 258).

Við fyrstu sýn gæti svo virst sem tvöföldunarþátíð í gotnesku varðveitti óbreyttan hinn upprunalega myndunarhátt í frumgermönsku. Þó hafa hér þrjár nýjungar orðið í málinu: (1) upphaflegum Vernersvíxlum hefur svo gott sem verið útrýmt (sbr. gotn. *saiso* andspænis fnorr. *sera* < **sezō-* < **se-sóh₁-*); (2) alhæfing sterkrar stofnmyndar (eintölu) á kostnað veikrar (í tvítölu og fleirtölu) (sbr. gotn. *lailot* : *lailotun* í stað *lailot* : **lailtun*); (3) alhæfing */ai-/* [*ε*] (< frumg. **/e-/* í „klofningarumhverfi“, þ.e. á undan *r*, *h* og *hv*) í stað */i-/* (< **/e-/* annars staðar) sem tvöföldunarsérhljóðs.

Afkomendur tvöföldunarþátíða, sem samtímalega var ekki lengur unnt að greina sem slíka, eru svokallaðar *r*-þátíðir sem finnast í norrænu, fornensku, og fornháþýsku (Jasanoff 2007: 244), sbr. físl. *róa* : *rera*, *-ir*, *-i* o.s.frv., *gróa* : *grera*, *sá* : *sera*, *snúa* : *snera*, *gnúa* ‘núa’ : *gnera* og *bnúa* ‘núa’ : *bnera*. Þegar forsaga þessara mynda er könnuð, verður upprunaleg myndun þeirra þó skýrari. Þannig eru *rera* og *sera* komnar af frumg. **rerō* og **sezō* og þar er tvöföldunin sjáanleg. Hið sama má segja um *grera* (< **gre[g]rō*) þar sem einföldun samhljóðaklasa hefur átt sér stað í rót. Einnig hefur

forveri *snera* að öllum líkindum upphaflega verið **snez[n]ū-*, en rôtarsérhljóði hefur verið breytt í *ō* til samræmis við aðrar sérhljóðasagnir (verba pura). Hins vegar eru *gnera* (af *gnúa*) og hin sjaldgæfa *bnera* (af **bnúa*) analógískar rímmyndir við *snera* (af *snúa*). Einföldun samhljóðaklasa af því tagi sem hér er um að ræða er dæmigerð fyrir norður- og vesturgermönsk mál en þekkist síður í gotnesku (Jasanoff 2007: 244).

Einn undirflokkur vesturgermanskra mála er norðursjávarmál (eða ingveónsk mál), en þau eru fornenska, frísneska og fornsaxneska (Harbert 2006: 7). Tvöföldunarþátíð fornensku einskorðast við skáldamál og/eða anglískan uppruna. Algengasta myndin er *heht* (af *hātan* ‘kalla, nefna’). Aðrar myndir eru *reord* (af *rādan* ‘gefa ráð’), *on-dreord* (af *on-drādan* ‘óttast’), *leort* (af *lātan* ‘láta’), *leolc* (af *lācan* ‘leika’), *beoft* (af *bēatan* ‘slá’) og *speoft* (af *spātan* ‘spýta’). Dæmið *on-dreord* (< **dre-_{rd}*) sýnir svipaða þróun samhljóðaklasa í röt og norrænu myndirnar *grera* og *snera*. Tvíhljóðið */-eo-/* er hér einkar algengt og birtist í sex af sjö tilfærðum myndum og er ástæða þess sú að klofningin *e > eo* var hljóðrétt í *reord*, *-dreord* og *leort* (frálíking úr **lelt*), en analógísk í *leolc*, *beoft* og *speoft*. Myndirnar *reord* og *leort* (eða öllur heldurfleirtölumyndirnar *reordon* og *leorton*) má rekja til veiku ie. stofnanna **re-rh₁d^h*- og **le-lh₁d-* (með hvarfstigi rötur). Engin brottfallsregla, sem verkaði á forstigi fornensku, hefði getað orsakað að myndir á borð við *le(o)lc(on)* eða *be(o)ft(on)* hefðu orðið til úr **lelaik/lelikun*, **bebaut/bebutun* o.s.frv. Brottfall í myndunum *leolc*, *beoft*, *heht* og *speoft* útskýrist á sama hátt og klofning í *leolc*, *beoft* og *speoft*, þ.e. sem analógískt (Jasanoff 2007: 245).

Önnur dæmi úr vesturgermönsku eru fornháþýskar myndir á borð við 3.p.et.þt.fh. *steroz*, 3.p.ft. *sterozun* (af *stōzan* ‘hrinda, ýta’) og 3.p.ft.þt.fh. *scrirun* (af *scrīan* ‘öskra’) (sjá Braune og Eggers 1975: 274, 288).

8. Sjöundi flokkur sterkra sagna í forníslensku

Á frumnorrænum tíma hafa tvöföldunarsagnir verið tvíkvæðar í þt.et., en á sama tíma hafa allar aðrar sterkar sagnir verið einkvæðar. Á fornorrænum tíma voru flestar tvöföldunarsagnir hins vegar orðnar einkvæðar. Allar tvöföldunarsagnir höfðu sömu rótarmynd í nafnhætti og lýsingarhætti þátíðar, þ.e. í 1. og 4. kennimynd, en í mörgum þeirra samsvarar þessi mynd rótarallómorfi 2. kennimyndar í öðrum sterkum sögnum, þ.e. sögnum eftir 1., 2. eða 3. flokki. Þannig samsvarar rótarmynd nafnháttar af sögnunum *heita*, *auka* og *halda* rótarallómorfi eintölu þátíðar (þ.e. 2. km.) af sögnunum *bíta*, *brjóta* og *gjalda*, þ.e. *beit*, *braut* og *galt* (Iversen 1973: 106).

Fáskipaður flokkur sagna, svokallaðar ri-sagnir (Guðrún Kvaran 2005: 289), sem allar hafa rótaratkvæði sem endar á sérhljóði, varðveita tvíkvæðar myndir í þátíð eintölu en þær hafa aftur á móti veikar persónuendingar (Iversen 1973: 106). Vanalega er tvöföldunarsögnum skipt í fimm undirflokkar; flokkar 1-3 samsvara hliðstæðum flokkum annarra sterkra sagna (Guðrún Kvaran 2005: 420), 4. flokkur tvöföldunarsagna hefur rótar sérhljóðið *á* í nh. og lh. þt., en *é* í þátíð; 5. flokki tilheyra áður nefndar sagnir, fimm að tölu, sem mynda tvíkvæða þátíð í eintölu (Iversen 1973: 106).

Fyrsti undirflokkur hafði í fornorrænu hljóðskiptin *ei - é - é - ei*: *heita - hét - hétom - heitenn*, *leika - lék - lékom - leikenn*. Óreglulega beygðist sterka sögnin *sveipa*, sem hafði 2. kennimynd *sveip* og 4. km. *sveipinn*; 3. km. kemur ekki fyrir í varðveittum textum, þó gefur Noreen (1923: 338) myndina „*suipom*“, sem enginn fótur er fyrir (væri hún til, tilheyrði hún sögninni **svípa*). Um sögnina *heita* er það að segja að hún sameinar í nútíð gamla germynd *ek heit* ‘ég kalla’ og gamla miðmynd með þolmyndarmerkingu *ek heite* ‘ég er kallaður’ (sbr. Iversen 1973:106).

Annar undirflokkur hafði hljóðskiptin *au - ió - ió - au*: *auka - iók - iókom (iukom) - aukenn*, *ausa - iós - iósum (iusom) - ausenn*, *hlaupa - hlióp - hliópom (hlupom) - hlaupenn*, *hoggva - hió - hioggum (hiuggum) - hogg(v)enn*, *búa - bió - bioggum (biuggom) - búenn* (sjá Noreen 1923: 338). Halldór Halldórsson (1950: 151) nefnir að í samræmi við myndirnar *jókum*, *jósum*, *hljópum*, *hjoggum*, *bjoggum* hafi myndir viðtengingarháttar þátíðar (1.p.et.) verið *æka*, *æsa*, *hlæpa*, *bjögga*, *hjögga*.

Þriðji undirflokkur hafði hljóðskiptin *a - e - e - a*: *blanda - blett* (< **blent* < **blend*) - *blendom - blandenn*; *fá* (< **fāhan* < germ. **fanhana*) - *fekk* (< **fenk* < **feng*) - *fengom (fingum) - fengenn (fingenn)* (með framgómunarhljóðvarpi, sbr. hliðarmyndina

fanginn), *falda* - *felt* - *feldom* - *faldenn*, *falla* - *fell* - *fellom* - *fallenn*, *ganga* - *gekk* (< *genk < *geng) - *gengom* (*gingom*) - *gengenn* (*gingenn*) (með framgómunarhljóðvarpi), *halda* - *helt* (< *held) - *heldom* - *haldenn*, *hanga* - *hekk* (< *henk < *heng) - *hengom* - *hangenn* (Noreen 1923: 339). Af hliðarmyndunum *fengom* og *fungom* annars vegar og *gengom* og *gingum* hins vegar eru þær síðarnefndu eldri. Myndirnar með *e* sýna aðlögun að eintölubeygingunni (sbr. Halldór Halldórson 1950: 151).

Lýsingarháttarmyndirnar *fungenn* og *gingenn* (við hlið *fengenn* og *gengenn*) hafa orðið fyrir áhrifum frá þátíðarmyndum fleirtölu *fungom* og *gingom* (Noreen 1923: 339). *Hanga* (í stað *há < frumg. *hanhanaⁿ, líkt og fá < *fanhanaⁿ) hefur í nútíð einungis veika beygingu, en svo er stundum einnig í þátíð. Í raun hafa hér tvær sagnir, veik og sterk sögn, runnið saman (Iversen 1973: 32-33).

Fjórða undirflokkur tilheyrðu eftirfarandi sagnir: *blása* - *blés* - *blésom* *blásenn*, *gráta* - *grét* - *grétom* - *grátenn*, *láta* - *lét* - *létom* - *látenn*, *ráða* - *réd* - *rédom* - *rádenn*. Þar við bætist sögnin *blóta* - *blét* - *blétum* - *blótinn*, ennfremur *hváta* 'stinga', sem aðeins kemur fyrir í nafnhætti, lýsingarhætti nútíðar (*hvatande*) og lýsingarhætti þátíðar (*hvatenn*). Einnig nefnir Noreen einangruðu lýsingarhættina *bráþenn (sbr. fsæ. *brāþin*, af týndri sögn *bráða), sem veika sögnin *bráðna* er leidd af, og *flókenn* (leidd af týndri sögn *flóka) (Noreen 1923: 340).

Fimmti undirflokkur sjöunda flokks sterkra sagna varðveitir best upprunanlega tvöföldunarþátíð meðal germanskra mála (Jasanoff 1994: 274): *sá* - *sera* (*søra*) - *serom* (*sørom*) - *sáenn*, *róa* - *rera* (*røra*) - *rerom* (*rørom*) - *róenn*, *gróa* - *grera* (*grøra*) - *grerom* (*grørom*) - *gróenn*, *snúa* - *snera* (*snøra*) - *snerom* (*snørom*) - *snúenn*, *gnúa* - *gnera* (*gnøra*) - *gnerom* (*gnørom*) - *gnúenn* (Noreen 1923: 340). Um myndun upprunalegrar tvöföldunarþátíðar í þessum sögnum sjá hér að framan (í 7. kafla).

Noreen (1923: 340) nefnir að sögnin *slá*, sem telst til 6. flokks sterkra sagna, sýni auk reglulegrar þátíðar sinnar einnig myndirnar *slera*, *sløra* og ft. *slerom*, *slørom*. Reyndar kemur þessi þátíð aðeins fyrir í Ágripri af Noregskonunga sögum. Hér er greinilega um áhrif sagnarinnar *sá* (þt. *sera*, *søra*) að ræða. Þátíðarmyndin *bnere*, sem aðeins kemur einu sinni fyrir, tilheyrir sögninni *bnúa (sbr. gotn. *bnauan*) sem Ásgeir Blöndal Magnússon (1989: 68) segir víxlmynd við *gnúa* og *núa*.

Um forsögulega þróun tvöföldunarþátíðar í norðurgermönsku má í stuttu máli segja að sumpart hafa hljóðréttar breytingar leitt til þeirra mynda sem varðveittar eru í fornorrænu, sumpart er um analógískar nýmyndanir að ræða. Hið fyrra á við um

myndir eins og *rera* (af *róa*), *sera* (af *sá*), *hét* (af *heita*), *iók* (af *auka*), *iós* (af *ausa*) og e.t.v. *helt* (af *halda*); hið síðara um *gnera* (af *gnúa*), *lék* (af *leika*), *hlióp* (af *hlaupa*) og *fell* (af *falla*). Ekki verður rætt frekar um þróun einstakra sagna hér, enda tilheyrir sú umræða erfiðustu viðfangsefnum norrænnar sögulegrar málfræði (um þetta sjá Jón Axel Harðarson, 2017: 932-933, 934-935 og rit sem vísað er til þar).

9. Breytingar á beyginu sterkra sagna eftir 7. flokki í íslensku

Frá formáli og til nútímamáls hafa ýmis atriði breyst í beygingu sterkra sagna af sjöunda flokki.

Fyrsti undirflokkur: Sögnin *heita*, sem beygðist bæði sterkt og veikt í nútíð (*ek heit* ‘ég kalla’ og *heiti* ‘ég er kallaður’), hefur lagt niður sterka nútíðarbeygingu sína. Hún hefur sem sé aðeins myndirnar *heiti*, *heitir*, *heitir* í et.nt.fh. og hafa þær bæði merkinguna ‘vera kallaður’ og ‘kalla (á)’ (sbr. Björn K. Þórólfsson 1925: 115). Að fornu tilheyrði einnig sögnin *sveipa* þessum flokki en hún hefur í nútímamáli tekið upp veika beygingu (*sveipa* – *sveipaði* – *sveipað*) (Guðrún Kvaran 2005: 420).

Annar undirflokkur: Sagnirnar *auka*, *ausa*, *hlaupa*, *búa* og *höggva* hafa í nútímamáli aðeins myndirnar *jukum*, *jusum*, *hlupum*, *bjuggum* og *hjuggum* o.s.frv. í fh.þt.ft., en ekki eldri myndirnar *jókum*, *jósum*, *hljópum*, *bjoggum* og *hjoggom*. Hjá fyrstu þremur sögnunum er þetta áhrifsbreyting til samræmis við beygingu sterkra sagna eftir 2. flokki (sbr. *lukum*, *hlutum* : et. *lauk*, *hlaut*).

Í stað viðtengingarháttarmynda þátíðar *æka*, *æsa*, *hlæpa*, *hjögga* og *bjögga* í formáli hefur nútímamál myndirnar *yki* (*jyki*), *ysi* (*jysi*), *hlypi*, *hyggi* (*hyyggi*) og *byggji* (*bjyggi*) (sjá Halldór Halldórsson 1950: 151).

Þriðji undirflokkur: Þessum flokki tilheyrðu sagnirnar *fá*, *falda*, *falla*, *blanda*, *ganga*, *halda* og *hanga* (Guðrún Kvaran 2005: 420). Í nútímamáli eru sagnirnar *blanda* og *falda* orðnar veikar. Hinar hafa í meginatriðum haldið fornri beygingu sinni. Þó hefur *e* orðið *é* í 2. og 3. kennimynd sagnanna *falla*, *halda* og *hanga*, þ.e. *féll/féllum*, *hélt/héldum*, *hékk/héngum*. Sögnin *fá* sýnir sömu breytingu í 2. kennimynd (*fékk*), en gamla myndin *fekk* kemur engu að síður enn fyrir. Í Guðbrandsbiblíu (1584) eru þessar myndir yfirleitt ritaðar með *ie* (sjá Bandle 1956: 49, 51). Elstu dæmi um þátíðarmyndirnar *fiekk* (*fékk*) og *fiell* (*féll*) eru frá 14. öld (sjá Bandle s. st. 51); frá sama tíma er myndin *hiellt* (Möðruvallarbók, 1330-1370). Á 13. öld kemur reyndar fyrir ritmyndin *hélt* (einu sinni andspænis fjórum dæmum um *helt* í AM 645 4to A), en hún er sennilega öflug stöfun fyrir *hielt*.

Ekki hafa fræðimenn verið á eitt sáttir um hvernig þessi *je*-framburður varð til. Björn K. Þórólfsson (1929: 232) var þeirrar skoðunar að í umræddum myndum hafi *e* fyrst lengst og orðið *é* sem síðan hafi breyst í *je*. Líklegra er þó að í þátíðarmyndunum *fekk*, *fell*, *hekk* og *helt* hafi *j* verið skotið inn á undan *e* til samræmis við myndir eins og

giekk (með framgómmæltu *g* á undan *e*), *griet* (*grét*) og *liet* (*lét*).

Fjórði undirflokkur: Eftir þessum flokki beygjast sagnirnar *blása*, *gráta*, *láta* og *ráða*. Sögnin *blóta*, sem einnig taldist til þessa flokks, þótt hún hefði önnur hljóðskipti (*blóta* – *blét* – *blétum* – *blótinn*) hefur tekið upp veika beygingu: *blóta* – *blótaði* – *blótað*.

Fimmti og síðasti undirflokkur: Í þessum flokki eru hinar svokölluðu *ri*-sagnir, þ.e. *róa*, *gróa*, *snúa* og *núa*. Sögnin *sá* tilheyrði einnig þessum flokki en í nútímamáli er hún veik (þt. *sáði*). Sögnin *gnúa* í fornmáli samsvarar *núa* í nútímamáli. Í orðabók Sigfúsar Blöndals (1920-1920) eru þátíðarmyndir sagnanna *róa*, *gróa*, *núa* og *snúa* sagðar eftirfarandi: *veri/rjери* [*réri*]/*röri*, *greri/grjери* [*gréri*]/*gröri*, *neri/njери* [*néri*]/*nöri* og *sneri/snjери* [*snéri*]/*snöri*. Myndirnar með *e* og *ö* (< *ø*) endurspeglar hið gamla forníslenska hljóðafar, en myndirnar með *je* (*é*) eru síðar til komnar. Hve gamlar þær eru er óvíst. Í nútímamáli eru þær mest notaðar, þó þess gæti ekki ætíð í stafsetningu. Á hinn bóginn virðast myndirnar með *ö* horfnar úr málinu (sbr. BÍN).

10. Niðurlag

Í þessari ritgerð var leitast við að gera grein fyrir afdrifum indóevrópska perfektsins í germönskum málum með sérstöku tilliti til sjöunda flokks sterkra sagna. Í því skyni var byrjað á því að leita til upprunans og kanna form og merkingarhlutverk perfektsins í indóevrópsku út frá afkomendum þess í þeim tungumálum sem varðveita einna best sagnkerfi frummálsins: grísku og sanskrít, en einnig latínu. Að því loknu var sjónum beint að þróun perfektsins í germönsku. Ýmsar breytingar sem áttu sér stað í frumgermönsku, einkum samfall aóristis við perfekt og hvarf imperfekts, leiddu til þess að perfekt gengdi veigamiklu hlutverki í þátíðarmyndun germanskra sagna. Einkenni perfekts var að auk sérstakra persónuendinga var það myndað með tvöföldunarforskeyti, en í germönsku varð það umframur þáttur í beygingu flestra sterkra sagna og féll því brott að undanskildum þeim sögnum sem tilheyrðu sjöunda flokki, en flestar þeirra þurftu á tvöföldun að halda til að aðgreina nútíðar- og þátíðarstofna sína. Á frumgermönsku skeiði varð svo til hin svokallaða veika þátíð, sem upprunalega var perífrastísk myndun sem samanstóð af lýsingarhætti þátíðar og sögninni **dō-* ‘gera’. Samfara því að perfekt glataði yfirleitt tvöföldunarforskeyti sínu í germönsku, urðu hljóðskipti mikilvægur þáttur í aðgreiningu nútíðar og þátíðar. En eins og áður segir voru það ekki örlög allra sterkra sagna að glata tvöföldunarforskeytinu. Sagnir eftir sjöunda flokki varðveittu það þar sem þær voru ýmist ófærar um að aðgreina nútíð og þátíð með hljóðskiptum eða hljóðskipti þeirra voru svo óregluleg. Hið fyrra á við um sagnir sem einkenndust af *a*-vókalisma (*a*, *ai*, *au*), en ólíkt sterkum sögnum eftir 6. flokki, sem höfðu rôtargerðina **(C)aC-* í nútíð, gátu þær ekki myndað þátíð með löngu sérhljóði, þ.e. **ō*, vegna þess að rôtatarkvæði þeirra leyfði það ekki. Það var af gerðinni **CaRC-* eða **(C)aUC-* (*R* = hljómandi, *U* = hálfserhljóð) og hið svokallaða Osthoff's lögmál, sem segir að langt sérhljóð styttest í stöðu á undan hljómanda eða hálfserhljóði og samhljóði, kom í veg fyrir þátíðarmyndun með löngu sérhljóði, þ.e. *ō* (athuga skal að í frumgermönsku var ekki til langt *a* (*ā*), þannig að andspænis stuttu *a* stóð langt *o* (*ō*)). Í fornnorrænu og íslensku nútímamáli má skipta sjöunda flokki sterkra sagna í fimm undirflokka sem farið var yfir í þessari ritgerð. Þær sagnir sem í forníslensku varðveita best stofnmyndun indóevrópska perfektsins eru hinar svokölluðu *ri*-sagnir, sem teljast til 5. undirflokks, einkum sagnirnar *róa* og *sá*, sem hafa þátíðarmyndirnar *rera* (< **rerō*) og *sera* (< **sezō*).

Þó svo að perfekt sé betur varðveitt í tungumálum sem viðhalda tvöföldun sem kerfislegu fyrirbæri, eins og gríska og sanskrít, gegna afkomendur þess í germönsku, ekki síst meðal sterkra sagna eftir 7. flokki, mikilvægu hlutverki innan indóevrópskrar samanburðarmálfræði og eru því svo sannarlega eitt fornlegasta atriði íslenskrar málfræði.

Skammstafanir

aór. - aórist

bh. - boðháttur

et. - eintala

fav. - fornvestíska

ft. - fleirtala

fe. - fornenska

forfrumg. - forfrumgermanska

físl. - forníslenska

fñþ. - fornháþýska

fks. - fornkirkjuslavneska

fnorr. - fornnorræna

for. - fornprússneska

fh. - framsöguháttur

frumg. - frumgermanska

fsax. - fornsaxneska

gm. - germynd

gotn. - gotneska

gr. - gríska

hóm - hómerska

impf. - imperfekt

ie. - indóevrópska

ísl. - íslenska

km. - kennimynd

mm. - miðmynd

nh. - nafnháttur

nísl. - nútímaíslenska

norr. - norræna

nt. - nútíð

óh. - óskháttur

plqpf. - plusquamperfectum

rún. - rúnanorræna

skt. - sanskrít

uav. - ungavestíska

ved. - vedíska

tt. - tvítala

þt. - þátíð

Heimildaskrá

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Bandle, O. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblíá: Orthographie und Laute. Formen*. Bibliotheca Arnarnagnæana 17. Hafnia: Ejnar Munksgaard.
- Beekes, R. S. P. 2011. *Comparative Indo-European Linguistics: An introduction*. Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
- BÍN = Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (á: //www.malid.is).
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu*. Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan.
- Björn. K. Þórólfsson. 1929. Nokkur orð um hinar íslensku hljóðbreytingar *é > je* og *y, ý* og *ey > i, í, ei*. Tilläggsband til band XL. Studier tillägnede Axel Kock (bls. 232 - A243). Lund: C. W. K. Gleerup.
- Bornemann, E. og Risch, E. 1978. *Griechische Grammatik*. Von Eduard Bornemann unter Mitwirkung von Ernst Risch. Frankfurt am Main o.fl.: Moritz Diesterweg.
- Braune, W. Og Eggers, H. 1975. *Althochdeutsche Grammatik* von Wilhelm Braune. 13. Auflage bearbeitet von Hans Eggers. Tübingen: Niemeyer.
- Chantraine, P. 1926. *Histoire du parfait grec*. Paris: H. Champion.
- Clackson, J. 2007. *Indo-European Linguistics: An Introduction* (Cambridge Textbooks in Linguistics). Cambridge: Cambridge University Press.
- Delbrück, B. 1888. *Syntaktische Forschungen V. Altindische Syntax*. Halle: Verlag der Buchhandlung des Waisenhauses.
- Delbrück, B. 1879. *Syntaktische Forschungen IV. Die Grundlagen der griechischen Syntax*. Halle: Verlag der Buchhandlung des Waisenhauses.
- LIPP II = Dunkel, G. E. 2014. *Lexikon der indogermanischen Partikeln und Pronominalstämme*. Band 2: Lexikon. Heidelberg: Winter Verlag.
- LIV = Rix, H., et al. 2001. *Lexikon der Indogermanischen Verben: Die Wurzeln und ihre Primärstambildungen*. Wiesbaden: Dr Ludwig Reichert Verlag.
- Fortson, B. W., IV. 2010. *Indo-European Language and Culture*. Hoboken, New Jersey: Wiley.
- Fulk, R. D. 2018. *A Comparative Grammar of the Early Germanic Languages*. Zaltbommel, Netherlands: Van Haren Publishing.

- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga: 2. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Fulk, R. D. 2018. *A Comparative Grammar of the Early Germanic Languages*. Zaltbommel, Netherlands: Van Haren Publishing.
- Harbert, W. 2006. *The Germanic Languages*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Halldór Halldórson. 1950. *Íslensk Málfræði handa æðri skólum*. Reykjavík: Ísafoldarverksmiðja.
- Hoffmann, K. 1967. *Der Injunktiv im Veda*. Heidelberg: Winter Verlag.
- Hirt, H. 1934. *Indogermanische Grammatik. Teil VI: Syntax I. Syntaktische Verwendung der Kasus und der Verbalformen*. Heidelberg: Winter Verlag.
- Iversen, R. 1973. *Norrøn grammatikk*. Ósló: Aschehoug.
- Jasanoff, J. H. 2007. From Reduplication to Ablaut: The Class VII Strong Verbs of Northwest Germanic. Í: *Historische Sprachforschung/Historical Linguistics*, 120 (bls. 241-284). Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.
- Jasanoff, J. H. 1994. Germanic (Germanique). Í: Françoise Bender (ritstj.) *Langues indo-européennes* (bls. 251-280). Paris: CNRS Éditions.
- Jasanoff, J. H. 2005. *Hittite and the Indo-European Verb*. Oxford: Oxford University Press.
- Jón Axel Harðarson. 2007. Boðháttur, óskháttur, viðtengingarháttur. Stoðtexti í námskeiðinu *Íslenska sagnkerfið í sögulegu ljósi* við Háskóla Íslands á haustmíssi 2007.
- Jón Axel Harðarson. 2010. Helztu þættir í þróun germanska sagnkerfisins. Stoðtexti í námskeiðinu ÍSM202F *Skyldleikatengsl germanskra mála* við Háskóla Íslands á vormíssi 2010.
- Jón Axel Harðarson. 2000. Horf í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði 22*: 129-144.
- Jón Axel Harðarson. 2017. The Morphology of Germanic. Í: Jared Klein, Brian Joseph og Matthias Fritz (ritstj.) *Handbook of Comparative and Historical Indo-European Linguistics*. Volume 2 (HSK 41.2) (bls. 913–954). Berlin–Boston: De Gruyter Mouton.
- Jón Axel Harðarson. 2015. Sagnkerfi indóevrópsku (höfuðatriði). Stoðtexti í námskeiðinu AMV414G *Hettítíska* við Háskóla Íslands á vormíssi 2015.

- Jón Axel Harðarson. 1993. *Studien zum urindogermanischen Wurzelarist*. Innsbruck: Institut für Sprachwissenschaft der Universität Innsbruck.
- Kapović, M. (ritstj.). 2017. *The Indo-European Languages*. New York: Routledge.
- Kulikov, L. 2005. Reduplication in the Vedic verb: Indo-European inheritance, analogy and iconicity. Í H. Bernhard (ritstj.) *Studies on reduplication* (bls. 431-435). New York: De Gruyter Mouton.
- Kurzová, H. 1993. *From Indo-European to Latin*. Zaltbommel: Van Haren Publishing.
- Kümmel, M. J. 2000. *Das Perfekt im Indoiranischen. Eine Untersuchung der Form und Funktion einer ererbten Kategorie des Verbums und ihrer Weiterentwicklung in den altindoiranischen Sprachen*. Wiesbaden: Reichert Verlag.
- Lundquist, J. og Yates, A. D. 2018. The Morphology of Proto-Indo-European. Í: Klein, J., Brian, J. og Fritz M. (ritstj.) *Handbook of Comparative and Historical Indo-European Linguistics*. Volume 3 (HSK 41.3) (bls. 2079-2195). Berlin–Boston: De Gruyter Mouton.
- Macdonell, A. A. 1993. *A Vedic Grammar for Students* (5. útgáfa). Delhi: Motilal Banarsidass.
- Mallory, J. P., og Adams, D. Q. 2006. *The Oxford Introduction to Proto-Indo-European and the Proto-Indo-European World*. Oxford: Oxford University Press.
- Meiser, Gerhard. 1998. *Historische Laut- und Formenlehre der lateinischen Sprache*. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft
- Meiser, Gerhard. 2003. *Veni vidi vici. Die Vorgeschichte des lateinischen Perfektsystems*. München: Verlag C.H. Beck.
- Murdoch, B. 2004. Gothic. Í: Murdoch, B. og Read, M. (ritsjórar) *Early Germanic Literature and Culture* (bls. 149-170). New York: Penguin Random House.
- Noreen, A. 1923. *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische grammatik*. Halle: Niemeyer.
- Pagniello, F. J. 2002. *The Homeric Augment: A Deictic Particle*. (doktorsritgerð við The University of Bridgeport).
- Polomé, E. 1995. How Indo-European is Germanic?. Í: Rauch, I. og Carr, G. F. (ritstj.) *Insights in Germanic Linguistics*. Volume 1 (bls. 198–206). Berlin: De Gruyter Mouton.

- Rasmussen, J. E. 1999. On the Origin of the Germanic Weak Preterite. Í: *Selected Papers on Indo-European Linguistics* (bls. 597–603). Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Ringe, D. 2006. *From Proto-Indo-European to Proto-Germanic*. Oxford: Oxford University Press.
- Rix, H. 1992. *Historische Grammatik des Griechischen. Laut- und Formenlehre*. Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft
- Sigfús Blöndal. 1920-1924. *Íslandsk-dansk ordbog*. Reykjavík : Gutenberg.
- Smyth, H. W. 1920. *A Greek Grammar for Colleges*. Boston: American Book Company.
- Wackernagel, J. 1904. *Studien zum griechischen Perfectum*. Göttingen: Dieterich.
- Weiss, Michael. 2009. *Outline of the Historical and Comparative Grammar of Latin*. Ann Arbor–New York: Beech Stave Press.